

Ed.

97. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Síðari málssliður 8. gr. laga nr. 1 16. jan. 1943 hljóði svo:

Lög þessi falla úr gildi 1. des. 1945.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk viðskiptamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um það. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Svo hefur verið litið á, að lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð féllu úr gildi 8. nóv., og hefur nefnd verið skipuð til að gerð tillögur um tilhögun þessara mála í framtíðinni. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum, og þykir því ástæða til að fram lengja löginn óbreytt um stundarsakir.“